

Ed. 465. Frumvarp til almennra hegningarlaga.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Samhljóða þskj. 43, með þessum breytingum:

108. gr. hljóðar svo:

Hver, sem hefir í framma skammaryrði, aðrar móðganir í orðum eða athöfnum eða ærumeiðandi aðdróttanir við opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu, eða við hann eða um hann út af því, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Aðdróttun, þótt sönnuð sé, varðar sektum, ef hún er borin fram á ótilhlýðilegan hátt.

236. gr. hljóðar svo:

Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í framma eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

237. gr. hljóðar svo:

Ef maður bregður manni þrigglum án nokkurs tilefnis, þá varðar það sektum, þótt hann segi satt.